Kópavogur

Kópavogi, 2. nóvember 2026

Efni: Sameiginlegt átak um verðstöðugleika

Ágæti samstarfsaðili.

Verðstöðugleiki og varðveisla forsendna kjarasamninga eru sameiginlegir hagsmunir heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Undanfarna mánuði hefur verið kallað eftir því að stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnulífið sýni aðhald í verð- og gjaldskrárbreytingum og að hækkanir verði ekki umfram 2,5%.

Kópavogsbær hefur lagt sitt af mörkum og takmarkað gjaldskrárhækkanir gagnvart barnafjölskyldum fyrir árið 2026. Á næsta ári verða frekari skref stigin og hyggst bærinn leggja áfram sitt af mörkum til þessa verkefnis. Við mótun gjaldskráa bæjarins fyrir árið 2027 verður lögð áhersla á að hækkanir fari ekki umfram 2,5%. Sú áhersla endurspeglar vilja okkar til að sýna aðhald í rekstri og halda álögum á íbúa og fyrirtæki í hófi.

Við beinum því þeirri vinsamlegu áskorun til samstarfsaðila Kópavogsbæjar að sýna sambærilegt aðhald við verðlagningu vöru og þjónustu á komandi misserum. Aðhald í innkaupum og rekstrarkostnaði styður við getu bæjarins til að veita góða þjónustu án þess að auka álögur.

Við gerum okkur grein fyrir því að hver aðili þarf að taka ákvarðanir út frá eigin rekstrarforsendum. Við teljum þó að með sameiginlegu átaki getum við stuðlað að auknum verðstöðugleika og bætt hag heimila og fyrirtækja.

Við metum mikils gott og traust samstarf við ykkur og vonum að þið sjáið ykkur fært að leggja þessu sameiginlega verkefni lið.

Með þökk fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri Kópavogs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir
Kennitala: 2809783459
Tími: 03.11.2026 13:40
Samþykkt

Undirritað með OneSign